



Réttarholtsskóli – heildarmat á skólastarfi

Janúar 2009
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Nanna K. Christiansen

Hildur Sigurðardóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Nám og kennsla.....	7
Markmið og áætlanir	8
Skipulag skólastarfs.....	8
Nemendur og líðan	9
Félagslíf og skemmtanir	9
Stjórn nemendafélags	9
Reglur og agi	10
Viðvera nemenda.....	11
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	11
Upplýsingamiðlun og samskipti	13
Verklag	15
Fjölbreyttar leiðir í námi	15
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	15
Námsmat.....	16
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	17
Bjarkarhlíð.....	19
Skólaþróun og mat	20
Virk upplýsingamiðlun.....	21
Heimasíða.....	21
Skólanámskrá og starfsáætlun.....	21
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	22
Mannauður	24
Starfsmenn og líðan.....	24
Samstarf.....	25
Samstarf við foreldra og nemendur	26
Aðbúnaður:.....	26
Viðvera starfsmanna.....	26
Símenntun og starfsþróun.....	27
Stjórnun og skipulag.....	28
Fjármál	30
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun.....	30
Fjárhagsleg staða skólans	30
Greining.....	31
Samantekt ábendinga.....	31
Heimildir	35
Fylgiskjöl.....	35

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Réttarholtsskóla sem fram fór í desember 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Réttarholtsskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2008-2009. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Réttarholtsskóla er Hilmar Hilmarsson og aðstoðarskólastjóri er Jón Pétur Zimsen. Réttarholtsskóli er grunnskóli fyrir nemendur 8.-10. bekkjar og er viðtökuskóli fyrir nemendur úr Breiðdagerðis- og Fossvogsskóla. Nemendur Réttarholtsskóla eru 314 skólaárið 2008-2009 sem er rúm 98% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum fækki aðeins næstu fimm ár og verði á bilinu 270-300. Í skólanum eru 49 starfsmenn skólaárið 2008-2009 í um 46,3 stöðugildum, þar af kennarar í um 25,4 stöðugildum og leiðbeinendur í 3,5. Samkvæmt þessu eru um 6,7 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra hlutfall en í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara og leiðbeinendur í Réttarholtsskóla eru 10,8 nemendur á hvert stöðugildi.¹

Réttarholtsskóli hóf starfsemi sína haustið 1956 í félagsheimili Víkings við Hæðargarð, en flutti í fyrsta áfanga núverandi skólahúss haustið 1957. Húsnæði skólans samanstendur af þremur húsum. Aðalskólahúsið var byggt á árunum 1956-1970. Verkgreinahús var byggt árið 1972 og íþróttahús árið 1967. Nemendafjöldi var á bilinu 700-800 nemendur árin 1967-1976. Nemendum fer síðan ört fækkandi næstu 12. Eftir 1988 virðist skólinn kominn í jafnvægi með 300 nemendur. Heildarstærð skólans er nú um 3.749m² án íþróttasalar.

¹ Tekið skal fram að kennsluskylda kennara er 26 stundir á viku en skólaskylda nemenda 37 stundir á viku.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr nýrra grunnskólalögum nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007 og í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2008-2009.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs og notað við heildarmat í 7 grunnskólum skólaárið 2007-2008.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- Ákvörðun tekin um athugun í skóla vika 1
- Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn vika 1
- Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð vika 1

- Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki vika 2
- Vettvangsathuganir, rýnihópar vika 3
- Úrvinnsla og skýrslugerð vika 4-5
- Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu vika 5
- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Frekari eftirfylgni ræðst af niðurstöðum matsins.

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjú hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjú hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu) þ.m.t.
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendaráðs/nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2008
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2008-2009 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2008-2009 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf

Nám og kennsla

Árangur í samræmdum prófum

Samræmd próf – framfarastuðull²

Árangur nemenda í Réttarholtsskóla á samræmdum prófum í 10. bekk vorið 2007 og nokkur ár þar á undan er yfir landsmeðaltali í öllum greinum og yfir meðaltali grunnskóla Reykjavíkur. Mestur er munurinn í náttúrufræði þar sem nemendur Réttarholtsskóla skara fram úr.

Vorið 2008 snýst dæmið við og árangur nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk er undir bæði landsmeðaltali og meðaltali grunnskóla Reykjavíkur í öllum greinum nema náttúrufræði þar sem þeir eru 6.2 stigum yfir. Í sjálfsmatskýrslu skólans segir um þetta: „viðhlítandi skýring á þessu er vandfundin en endurtekin kennaraskipti í sumum greinum kunna að hafa haft sitt að segja“ (Skýrsla um sjálfsmat Réttarholtsskóla. 2008).

Framfarastuðull nemenda í Réttarholtsskóla 2006 er 0,99 í íslensku í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda, í stærðfræði í 10. bekk er framfarastuðullinn 1,01 sem eru einnig venjulegar framfarir nemenda (sjá nánar í fylgiskjali 1, Réttarholtsskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Vorið 2008 er árangur nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk undir bæði landsmeðaltali og meðaltali grunnskóla Reykjavíkur í öllum greinum nema náttúrufræði þar sem þeir eru 6.2 stigum yfir. Þetta er breyting frá árunum á undan en þá var skólinn yfir meðaltali í öllum greinum.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Árangur í Pisa 2006

Í PISA 2006 var lögð áhersla á mælingu á frammistöðu nemenda í náttúrufræði, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum á stærðfræði og lesskilningi. PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is). Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA. Réttarholtsskóli er meðal þeirra 10 skóla sem sýna bestan árangur nemenda náttúrufræði og lesskilningi og meðal 5 bestu í stærðfræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var nokkuð góð, 77% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Réttarholtsskóli er meðal þeirra 10 skóla í Reykjavík sem sýna bestan árangur nemenda náttúrufræði og lesskilningi og meðal 5 bestu í stærðfræði.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Hér er byggt á nemendum sem sóttu 7. bekk í Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í kennsluáætlunum fyrir skólaárið. Þær eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Í þeim koma fram stundafjöldi á viku, markmið, kennslufyrirkomulag, viðfangsefni á hverju tímabili oftast viku í senn, bækur og gögn eftir greinum í 8.-10. bekk, einnig er fjallað um námsmat.

Nemendur í Réttarholtsskóla gera sér ekki eigin námsáætlanir en eru hvattir til að setja sér markmið.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir en eru hvattir til að setja sér markmið.

Skipulag skólastarfs

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 alla virka daga. Kennsla hefst kl.8:05 og stundataflan er skipulögð í 40 mínútna kennslustundir með 5 mínútna hléi á milli. Frímínútur eru 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 30 mínútna matarhlé frá 12:00-12:30.

Skoðaðar voru stundatöflur eftir dögum, kennslu lýkur almennt kl. 15:25 alla daga nema föstudaga en þá lýkur kennslu um kl. 14:00, einstaka greinar, s.s. heimilisfræði, sund og íþróttir teygja sig fram yfir þennan tíma. Stundatöflur nemenda eru á einstaklingsgrunni vegna valgreina og hópaskiptinga í 9. og 10. bekk.

Greinakennsla einkennir skipulagið í 8.-10. bekk, hver grein og kennari eiga sína stofu og nemendur fara á milli. Umsjónarkennari hefur sérstakan umsjónartíma með bekknum og alla jafna fylgir hann bekknum frá 8. og upp í 10. bekk.

Í 9. og 10. bekk er nemendum boðið upp á mismunandi námshópa í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Í því felst að nemendur sem eru á svipuðu stigi í hverri grein eru saman í hópi. Markmið þessarar skiptingar er að veita nemendum nám við hæfi og í kynningu á heimasíðu segir að kennarar velji námsefni og kennsluaðferðir sem henta best hverjum hópi. Ekki kemur fram í kennsluáætlunum sem skoðaðar voru í hverju aðlögun er fólgin heldur er aðeins birt ein áætlun fyrir árganginn. Í rýnihópi nemenda kemur fram að hægferð og miðferð fari hægar yfir og þar kemur líka fram að „þeir sem eru komnir á undan mega annað hvort bíða eftir að hinir séu búnir eða taka fleiri dæmi“.

List- og verkgreinar eru kenndar í vali í 9. og 10. bekk tvo tíma á viku allan veturinn, en 8. bekkur fær tvo tíma á viku hálf t. árið í smíðum, saumum, heimilisfræði og myndmennt.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar og eru alls 25 námskeið kennd á skólaárinu 2008-2009, þar af er tæpur helmingur á sviði list- og verkgreina.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í 9. og 10. bekk skiptast nemendur í íslensku og stærðfræði í námshópa eftir getu. Ekki kemur fram í kennsluáætlunum sem skoðaðar voru í hverju aðlögun er fólgin heldur er aðeins birt ein áætlun fyrir árganginn.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar og eru alls 25 námskeið kennd á skólaárinu 2008-2009, þar af er tæpur helmingur á sviði list- og verkgreina.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2008 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Réttarholtsskóla sú að 97% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð hærra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 93% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Réttarholtsskóli og skólahverfi).

Réttarholtsskóli er þátttakandi í verkefni Olweusar gegn einelti og er lögð áhersla á að einelti er ekki líðið í skólanum. Markmið skólans er að allir bæði starfsfólk og nemendur, séu meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það birtist. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli í eineltismálum. Lagðar eru fyrir kannanir á einelti og niðurstöður kynntar. Á heimasíðu skólans eru niðurstöður könnunar frá hausti 2007, þar kemur fram að 88% nemenda líkar vel í skólanum. 3% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti 2-3 í mánuði og er það sama heildartíðni og árið 2005.

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þeim líði oftast vel í skólanum og þau telja að flestum öðrum líði vel. Þau segjast þó vita um félaga sína sem líður ekki vel og þau vita líka um einelti sem jafnvel hefur viðgengist lengi, þó vitað sé um það og reynt hafi verið að aðstoða viðkomandi í samskiptum. Þau kannast við Olweusar-verkefnið og kannanir og vinnu tengda því. Busun er nefnd, ekki sem einelti en samt í því samhengi, einum fannst ekki gott að hætta busun því sjálfur hefði hann verið busaður og fengi svo ekki að busa aðra.

Nemendur tala vel um kennara sína en segja viðmót þeirra mismunandi. Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum.

Foreldrar í rýnihópi tala um gleði og góðan anda milli kennara og nemenda.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- 97% nemenda í 9. og 10. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2008 sem er yfir meðaltali í borginni (93%).
- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti og er lögð áhersla á að einelti er ekki líðið í skólanum.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum.

Félagslíf og skemmtanir

Samstarf er við ÍTR um félagsstarf í hverfinu í félagsmiðstöðinni Bústöðum, að sögn nemenda er þó lítill hópur nemenda sem sækir mikið þangað. Böll eru haldin í skólanum og íþróttadagur í lok ársins, nýnemadagur að hausti o.fl. Skólinn tekur þátt í Skrekk.

Nemendaráð skipuleggur félagsstarf og þátttöku í ýmsum uppákomum, s.s. Skrekk.

Stjórn nemendafélags

Stjórn nemendafélags er skipuð alls átta fulltrúum úr 8-10. bekk, tveimur úr 8. og 9. bekk og fjórum úr 10. bekk. Valið fer þannig fram að nemendur bjóða sig fram innan bekkjanna að

hausti og síðan fer fram leynileg kosning án þess að eiginleg kosningabaráttan fari fram. Formaður og ritari eru síðan kjörnir innan ráðsins með sama hætti.

Nemendaráðið hefur umsjón með félagsstarfi í skólanum og skipuleggur böll, föndurdag, „jólakósí“ og bingó svo eitthvað sé nefnt. Fulltrúar í nemendaráði segja aðra nemendur vera vel meðvitaða um nemendaráðið og að vel sé tekið í þær hugmyndir sem þau hafa fyrir félagslífið í skólanum. Nemendaráðið fjallar almennt ekki um skólafélag eða faglega þætti.

Íslensku- og lífsleiknikennari hefur umsjón með nemendaráðinu, fundir eru haldnir þegar eitthvað er á döfinni og talar stjórnin sig þá saman um það hvenær halda skal fundi. Dagskrá hefur ekki verið send fyrirfram en stjórnin hefur í hyggju að bæta úr því eftir áramót og koma betra skipulagi á fundina. Fundargerðir eru ritaðar. Skólastjóri fylgist með störfum nemendaráðsins og kemur stundum á fundi ráðsins. Stjórn nemendafélagsins lýsti yfir ánægju með samstarfið við skólastjórnendur og sögðu þá fylgjast vel með. Almennt voru fulltrúar í ráðinu ánægð með hlutverk sitt og starfsemi nemendaráðsins. Á fundi með ráðinu kom fram mikill áhugi á meiri fræðslu um hagfræðileg málefni, tengt breyttri efnahagslegri stöðu í samfélaginu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Vel virðist vera staðið að vali í nemendaráð.
- Fulltrúar í nemendaráði eru ánægðir með félagslífið í skólanum og segja að þátttaka sé almennt góð og viðburðir vel sóttir.
- Skólastjóri fylgist með störfum nemendaráðs og gott samband er á milli ráðsins og stjórnenda.
- Fundir og dagskrá mættu fylgja fastara skipulagi líkt og áætlað er vorönn 2009.

Reglur og agi

Nemendur þekkja skólareglurnar og fara almennt eftir þeim. Reglur geta verið mismunandi eftir kennurum og það finnst nemendum gott, „gott að hafa fjölbreyttar reglur“. Þar sem þau eru mikið hjá sömu kennurum eru þau fljót að læra reglur hvers og eins. Ef reglur eru brotnar gerist ekkert alvarlegt, kemur fram í einum rýnihópi. Ef brot eru alvarlegri eru þau send til aðstoðarskólastjóra.

Skólareglurnar eru birtar í *Handbók Réttarholtsskóla* sem er afhent nemendum að hausti og er jafnframt dagbók þeirra. Í reglunum er tilgreint á jákvæðan hátt hvernig nemendum ber að koma fram hvert við annað og hegða sér í skólanum. Einnig eru birt viðbrögð við agabrotum og óæskilegri hegðun og hvernig brugðist er við fjarvistum nemenda (sjá fylgiskjal 6; gátlisti um skólareglur). Reglur eru ekki sýnilegar á göngum eða í stofum.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru í vettvangsathugun mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, fylgiskjal 3). Það var einnig mat kennara að vinnufriður væri í flestum kennslustundum. Nemendur tala um að oftast sé vinnufriður en „mismikill“.

Það er aðeins lítið hópur nemenda sem brýtur reglur og lítið er um árekstra milli nemenda og kennara segja kennarar í rýnihópi. Reynt er að bregðast við neikvæðri hegðun með jákvæðum hætti, nefnt er sem dæmi að í fyrra var sett upp verkefni að prenta á boli og nemendur fá þannig útrás fyrir „graffið“.

Kennarar bregðast við óæskilegri hegðun og vísa nemendum til aðstoðarskólalastjóra, vinnsla slíkra mála er í ákveðnum farvegi. Mikil áhersla er lögð á að leysa málin strax þegar þau koma upp og regla að hafa samband við foreldra.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja almennt skólareglur og virða þær.
- Oftast er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Brugðist er við óæskilegri hegðun og reynt að leysa mál strax.

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2008 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar), leyfi og veikindi tengjast einstaklingum sem skera sig stundum að verulegu leyti úr hópnum. Þessir nemendur dreifast á alla árganga og 2-3 bekki í hverjum árgangi.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka nemendur og bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Helstu niðurstöður foreldrakönnun vorið 2008 eru þær að tæp 83% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast rúm 37% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra barna í Réttarholtsskóla mældist um 90% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, og fór upp í rúm 93% í könnunni árið 2004. Í könnuninni tveimur árum síðar hafði ánægjan lækkað um rúm ellefu prósentustig en fer eilítið upp í könnuninni 2008. Af fimm mögulegum, mælist meðaltalsánægjan fyrir árið 4,2 en var 4,0 árið 2006. Meðaltalsánægjan í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 sem jafngildir frekar mikilli ánægju, og Réttarholtsskóli er því fyrir ofan meðaltal í þessari spurningu.

Í könnuninni vorið 2008 svöruðu 76 foreldrar og forráðamenn í Réttarholtsskóla af 102 foreldrum í úrtaki, sem er 74,5% svörun. Hlutfallið var yfir meðaltali, því svarhlutfallið fyrir alla grunnskólana í borginni var rúmlega 70%. Í Réttarholtsskóla voru 363 nemendur skólaárið 2007-2008, sem þýðir að svör vegna tæplega 21% nemenda í skólanum er að finna í niðurstöðum könnunarinnar.

Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,3 og hefur hækkað úr 4,2 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 og ánægja foreldra í Réttarholtsskóla með stjórnunina því nokkuð yfir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara er oftast mikil, eins og reyndar í borginni allri. Í fjórum af sex spurningum um umsjónarkennara barnanna, er meðaltalið í skólanum yfir fjórum (á skalanum 1-5). Aðeins í spurningum um upplýsingaflæði frá umsjónarkennara, er meðaltalið undir fjórum. Þrátt fyrir þetta voru meðaltölin í Réttarholtsskóla í spurningum um umsjónarkennarann lægri nú í fjórum tilvikum af sex þegar þau eru borin saman við meðaltölin í skólanum fyrir árin 2000-2006. Samanborið við meðaltölin fyrir alla borgina, eru meðaltölin í Réttarholtsskóla oftar en ekki, hærri í spurningunum um umsjónarkennarana.

Foreldrar barna í Réttarholtsskóla meta líðan barna sinna á þann veg að oftast líði þeim vel í skólanum, því skorið í spurningunni er 4,2 þar sem 4,0 jafngildir því að barni líði oftast vel í skólanum. Sama meðaltal er fyrir borgina alla. Svipaðar tölur er að finna í spurningum um líðan barnanna í frímínútum og í kennslustundum, en í báðum tilvikum er skólinn þar yfir meðaltali í borginni. Meðaltalið í Réttarholtsskóla fyrir mat á líðan barnanna í íþróttatímum er 4,0 en er 4,2 í borginni allri, og skólinn því þar aðeins undir meðaltali.

Af öðrum þáttum má nefna að um 86% svarenda í Réttarholtsskóla finnst námslegar kröfur sem gerðar eru til barna þeirra hæfilegar, á móti um 76% í borginni allri og rúmum 80% finnst aginn hæfilegur í skólanum á móti rúmum 70% í borginni. Aftur á móti telja um 64% foreldranna í skólanum að heimavinna barnanna sé hæfileg, á móti tæpu 71% í borginni allri. Í ljósi þess að Réttarholtsskóli er unglingaskóli, er rétt að benda á í þessu samhengi að foreldrar barna á unglingastigi í borginni, eru síður líklegir en foreldrar barna á yngri stigunum, til að finnast heimanám barna sinna hæfilegt.

Aðeins þrjú af þeim 67 foreldrum í Réttarholtsskóla, er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, eða 4,5%, sögðu svo vera, á móti yfir 21% í borginni allri. Af þessum þremur foreldrum er svöruðu spurningunni voru tveir mjög óánægðir með hvernig tekið var á eineltinu af hendi skólans.

Ánægja foreldra í Réttarholtsskóla með aðgang barnanna að tölvum hefur hækkað úr 3,2 (2000-2006) í 3,8 og ánægja með aðstöðu barnanna til að matast hefur hækkað úr 3,6 (2000-2006) upp í 3,9. Aftur á móti er ánægja með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi og gæslu á skólalóð undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006.

Í opnu svörunum er erfitt að benda á einhver mynstur hjá foreldrum, en þó lýstu margir foreldrar yfir ánægju með stjórnunina á skólanum en áberandi voru einnig kvartanir á meintu vondu ásigkomulagi húsnæðis og lóðar. Má segja að það sé í samræmi við hinar tölulegu upplýsingar könnunarinnar.

Í heild sinni kemur skólinn vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2008, sérstaklega hvað varðar almenna ánægju með skólann, stjórnunina og líðan barnanna. Helstu vankantarnir að mati svarenda könnunarinnar virðast vera skólahúsnæðið og skólalóðin.

Foreldrum í rýnihópi nefna mikinn áhuga og metnað kennara fyrir því sem þeir eru að gera, en ekki eru allir sáttir við hópaskiptingu og telja hana ekki henta öllum, sérstaklega ekki nemendum í hægferð. Foreldrar nefna einnig góð samskipti milli nemenda og kennara „jákvætt hvað kennararnir eru góðir vinir barnanna“. Þeim finnst vel tekið á agamálum og öðru sem fer úrskaiðis, málin eru tekin föstum tókum og þeim lokið.

Skólaráð og foreldrafélag

Nýstofnað skólaráð hefur haldið einn fund, það tekur við af foreldraráði sem hefur fundað með skólastjórnendum einu sinni í mánuði. Skólastjóri veitti foreldraráðinu reglulega upplýsingar um skólastarfið. Fulltrúar í rýnihópi velta því fyrir sér hvort vægi foreldra í skólaráði sé e.t.v. of lítið miðað við það sem áður var í foreldraráði. Skólaráðið á að vera stuðningur bæði við skólann og við foreldrahópinn. Á eftir að koma reynsla á hvernig það virkar. Fundargerðir þurfa að vera aðgengilegar öllum á heimasíðu og helst þyrfti að vera

hægt að senda inn ábendingar á sama stað með gagnvirkum hætti, þessu hefur verið komið á framfæri við skólustjóra en ekki fengið undirtektir.

Foreldrafélagið skilgreinir sig sem „vettvang allra foreldra til að hafa áhrif á umhverfi barna sinna og stuðla að góðu og farsælu samstarfi foreldra, starfsmanna skólans og barnanna“. Foreldrafélagið er með sérstaka heimasíðu með krækju inn á heimasíðu skólans, þar er m.a. hægt að skoða dagskrá skólaársins, fundargerðir og starfsreglur félagsins. Þar er einnig að finna upplýsingar um fulltrúa í skólaráði.

Bekkjarfulltrúar eru valdir tveir eða fleiri úr hverjum bekk, hlutverk þeirra er að vera tengiliður kennara við foreldra nemenda bekkjarins og milli foreldra innbyrðis.

Mæting á fundi foreldrafélagsins mætti vera betri að sögn rýnihóps foreldra, en á því eru undantekningar og þannig var mjög góð mæting á örnámskeið sem boðið var upp á í skólanum nýlega. Aftur á móti mættu ekki margir foreldrar á forvarnarfræðslu sem einnig var nýlega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í könnun vorið 2008 segjast tæp 83% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast rúm 37% vera mjög ánægð sem er hærra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali.
- Í spurningu um stjórnun skólans segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólustjórnendum og foreldraráði/nú skólaráði.
- Foreldrafélag er með sérstaka heimasíðu og upplýsingar um skólaráð og fundargerðir þess eru á heimasíðu skólans.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og finnst gott að leita til þeirra, kemur fram í rýnihópi, foreldrum er alltaf vel tekið í skólanum að þeirra mati. Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið er almennt góð en foreldrar í rýnihópi telja að bæta þurfi heimasíðuna, þar séu sumar upplýsingar gamlar.

Foreldrar eiga almennt í góðum samskiptum við umsjónarkennara að mati rýnihóps foreldra, en litlum við aðra kennara. Mentor-kerfið er ekki nógu virkt eða mikið notað og er nefnt sem dæmi að einkunnir komi hægt þangað inn.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Tengsl annarra kennara við foreldra eru lítil. Samskipti við foreldra eru í föstum farvegi með kynningarfundum að hausti fyrir foreldra með umsjónarkennurum, foreldraviðtölum tvisvar á ári og nokkrum fræðslufundum fyrir foreldra.

Í vinnustaðagreiningu 2007 eru spurningar sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra nálægt meðaltalsgildi grunnskóla í Reykjavík. Spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,44 sem er nálægt meðaltalsgildi grunnskóla (4,32).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og finnst gott að leita til þeirra

- Í könnun vorið 2008 er ánægja foreldra með umsjónarkennara mikil, en upplýsingaflæði frá umsjónarkennara er undir meðaltali í borginni.
- Mentor-kerfið er ekki nógu virkt eða mikið notað.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Stefna Réttarholtsskóla um nám og kennslu kemur skýrt fram í þeim gögnum sem skoðuð voru við matið.

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ nokkuð hærra gildi en meðaltalsgildi úr grunnskólum í heild (3,54 í Réttarholtsskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum) en samt lægra gildi en sama spurning árið 2005. Svo virðist því að kennarar telji sig geta síður sinnt einstaklingsbundnum þörfum nemenda nú en áður (3.72 árið 2005).

Í kennsluáætlunum sumra greina koma fram áherslur á fjölbreyttar leiðir í kennslu og námi. Í vettvangsathugunum virtust kennsluhættir almennt hefðbundnir, innlögn og verkefnavinna, þó dæmi sæjust um annað (fylgiskjal 3, vettvangsathuganir).

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn af stað í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5 (sjá fylgiskjal 2, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Skólastarfið er skipulagt í greinabundinni kennslu þar sem hver kennari er ábyrgur fyrir sinni grein og stofur eru sérhæfðar sem faggreinastofur. Hjá skólastjórnendum kemur fram að í greinakennslu nýtist sérþekking kennara best, kennarinn getur vakið og viðhaldið áhuga, „það skiptir máli að kennarinn hafi bæði þekkingu og áhuga á því sem hann er að kenna“, segir skólastjóri, „aðalhlutverk kennara er að gera námið áhugavert og skapa þekkingu“.

Hópaskipting eftir frammistöðu í námi er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi. Nemendur í 9. og 10. bekk skiptast nemendur í námshópa í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Í handbók kemur fram að markmiðið er að veita nemendum kennslu við hæfi þannig að nemendur sem eru á svipuðu stigi í hverri grein séu saman í hópi. Kennarar velja þá námsefni og kennsluáferðir sem henta best hverjum hópi. Hóparnir eru þrenns konar: Hópur 1 er fyrir nemendur sem eru illa staddir í námsgreininni. Þeir hafa ekki náð tókum á nema hluta markmiða hennar, eru gjarnan með einkunnir undir 5. Í hópi 1 eru nemendur færri, helst 12-15 svo hægt sé betur að sinna þörfum hvers og eins. Áhersla er lögð á grundvallaratriði og kennslan miðuð við stöðu nemendanna í greininni. Áhersla er lögð á að nemendur nái góðum tókum á undirstöðunni og fái sjálfstraust varðandi nám í greininni. Hópur 2 er fyrir nemendur sem hafa náð nokkuð góðum tókum á námsgreininni. Hópur 3 er fyrir nemendur sem hafa náð mjög góðum tókum á námsgreininni og eru tilbúnir til að bæta við sig verkefnum til að ná enn betri tókum á náminu. Nemendur geta sett fram óskir sínar um námshópa í þessum greinum. Reynt er að verða við þeim óskum eftir því sem kostur er (Handbók, s. 18).

Sama kennsluáætlun gildir fyrir alla námshópana í árganginum og virðist sem munur milli hópa felist fremur í meiri eða minni yfirferð heldur en að leiðir eða viðfangsefni séu ólík. Tækifæri virðast ekki nýtt til að nálgast nemendur sem skera sig úr hvað varðar mikla eða litla námsgetu getu með verkefnum sem eru aðlöguð að þeirra getu og þörfum. Í rýnihópi nemenda kemur fram að hægferð og miðferð taki færri dæmi en hinir og þeir sem eru komnir á undan bíða eftir hinum eða taka fleiri dæmi, „þetta er frekar skrítið því við erum ekki verðlaunuð

fyrir að klára heldur verðum að biða“. Foreldri í rýnihópi telur hópakerfið ekki henta öllum og kannski síst þeim sem eru í hægferð.

Í 8. bekk er notað lotukerfi í íslensku, eins konar hlítarnám, óvíst er um framhald á því. Í rýnihópi kennara kemur fram að kjarnagreinar séu ekki einstaklingsmiðaðar nema að því leyti að nemendur geta valið sér ólíkan hraða í námshópunum. Aftur á móti sé einstaklingsmiðun meiri í list- og verkgreinum og valgreinum.

Kennsluhætti telja kennarar fjölbreytta þó það geti verið misjafnt eftir greinum. Kennarar hafa sjálfstæði og traust stjórnenda til að velja eigin leiðir og eru ánægðir með það. Í rýnihópi þeirra kemur fram að aðstæður séu hindrun, litlar stofur og stórir hópar bjóða ekki upp á að raða í hópa.

Hver kennari hefur sína stofu og fær til sín nemendur, bekkir eða námshópa. Flestar stofurnar eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvað þar fer fram. Þannig eru plaköt tengd viðkomandi grein á veggjum, verkefni nemenda og námsgögn fyrir nám og kennslu á hverjum stað. Í flestum stofum eru borð í röðum og snúa að töflu. Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, byrjað er á innlögn og nemendur að vinna síðan að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.

Nemendur gera sér ekki einstaklingáætlanir en eru hvattir til að setja sér markmið og taka ábyrgð á námi sínu. Heimanám er mismikið eftir greinum og kennurum, kemur fram í rýnihópi nemenda, sumum finnst heimanámið lítið. Boðið er upp á heimanámsaðstoð í skólanum og hefur það gefist vel. Að mati nemenda eru kennsluhættir mismunandi eftir kennurum „stundum tala kennarar stanslaust“ og kennararnir ólíkir, langflestir góðir og „sumir eru strangir en skemmtilegir“.

Víða kemur fram að milli nemenda og kennara ríki gagnkvæm virðing, „flestir kennarar líta á okkur sem jafningja“, segir í rýnihópi nemenda. Sama á við um stjórnendur sem að mati kennara umgangast alla nemendur með sömu virðingu.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar í 8.-10. bekk, s.s. badminton, bridge, málmsmíði, keramik, heimilisfræði og í 10. bekk er spanska kennd í vali. Nemendur í 8. bekk geta valið 2 greinar, í 9. bekk velja nemendur 2-4 greinar en 4-6 í 10. bekk.

List- og verkgreinar eru kenndar sem valgreinar í 9.-10. bekk en í 8. bekk fyrir alla nemendur hálf t. ári í senn. Í skólanum er mjög góð aðstaða til kennslu þessara greina í verkgreinahúsi á lóð skólans. Stofurnar eru rúmgóðar og ríkulega útbúnar sýnishornum og verkum nemenda. Í vettvangsheimsókn ríkir mikil vinnusemi og nemendur eru að vinna að ólíkri útfærslu og ólíkum verkefnum (sjá fylgiskjal 3, vettvangsathuganir). Ekki var farið í heimsókn í íþróttatíma.

Skólasafn og tölvustofa eru samliggjandi. Kennarar geta komið á safnið með hópa eða bekkir. Nemendur virðast geta komið þangað til að vinna en það er þó ekki alltaf opið fyrir nemendum á skólatíma.

Námsmat

Skólaárinu er skipt í tvær annir og fá nemendur afhent námsmat í viðtali nemanda, foreldra og kennara í lok annar. Einnig meta nemendur eigin frammistöðu. Formlegt námsmat fer fram á prófadögum í janúar og maí. Nemendur fá þá einkunnir fyrir vinnu og þekkingu og gildir hvor

um sig 50% af lokaeinkunn annarinnar. Lokaeinkunn haustannar og lokaeinkunn vorannar gefa árseinkunn, hvor um sig gildir 50%. Í kennsluáætlunum er sums staðar nefnt símat, og að reglulega sé lagt mat á árangur og framfarir nemenda, s.s. kannanir í lok tíma eða skyndikannanir.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5.
- Náms hópar í 9.-10. bekk er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi hvers og eins.
- Skoða þarf hvort náms hópar nýtist til að koma til móts við nemendur sem skera sig úr með mikla eða litla námsgetu.
- Í kennsluáætlunum kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur einstaklingslega að ólíkum verkefnum.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en eru hvattir til að setja sér markmið.
- Fjallað er um námsmat í handbók og á heimasíðu skólans undir tenglinum nám og kennsla.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Skólastjórnendur hafa yfirumsjón með sérkennslu við skólann en enginn deildarstjóri sérkennslu er við skólann. Að mati rýnihóps um sérkennslu er samstarf við stjórnendur gott og stjórnendur jákvæðir. Sérkennarar í námsveri skipuleggja daglegt starf.

Í handbók skólans er fjallað um námsver og tekið fram að þar fari fram stuðningskennsla. Markmið eru tilgreind að koma til móts við þarfir nemenda, að bjóða nemendum námskeið í afmörkuðum þáttum náms, að veita nemendum aðstoðu og stuðning við heimanám, að veita nemendum stuðning við próftöku, að leggja áherslu á samvinnunám og jafningjafræðslu, að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Einnig er í handbókinni fjallað um stuðning við nemendur með lestrarerfiðleika og kennslu fyrir nýbúa sem hefur það markmið að fræða og styðja nemandann til þess að hann geti stundað nám og aflað sér upplýsinga á íslensku og tekið óheftan þátt í íslensku samfélagi (Handbók Réttarholtsskóla, s. 19-20).

Stuðningskennsla er aðallega veitt í íslensku og stærðfræði og kennslan fer fram í námsveri í litlum hópum eða einstaklingslega. Hópur nemenda er í öllum bóklegum greinum í námsveri en aðrir koma tímabundið og er þeim vísað þangað af kennara eða í stöku tilvikum námsráðgjafa. Einnig fer íslenskukennsla fyrir nýbúa fram í námsverinu.

Kennarar í rýnihópi telja að starfsfólk sé ekki almennt meðvitað um stefnu í sérkennslu. Að leggja niður sérdeild var hluti af því að fylgja eftir stefnu borgarinnar, eftir sem áður eru nokkrir nemendur að mestu í námsveri og er það gert í samráði við foreldra. Um skóla án aðgreiningar er ekki fjallað í gögnum skólans. Einn fatlaður nemandi (einhverfur) nýtur náms inni í bekk með aðstoð stuðningsfulltrúa.

Aðstaða og aðbúnaður

Sérkennslan hefur til umráða 2 kennslustofur og 2 minni, og skiptist í námsver og hins vegar litlu stofurnar, „svo hefur ein fengið aðstöðu í finni kennslustofu“, kemur fram í rýnihópi. Góður aðgangur er að tölum en önnur gögn af skornum skammti, „aldrei verið vandamál með hugbúnað og við erum með talgervil“. Gott aðgengi er fyrir fatlaða nemendur, lyfta á tveimur stöðum og salernisaðstaða, en í vetur eru engir nemendur með mikla líkamlega fötlun í skólanum.

Viðhorf og líðan:

Líðan nemenda í sérkennslu er breytileg milli ára, að mati kennara í rýnihópi. Námsverið er „svona hálf lokað“, þ.e. nemendur eru suma tíma í sérkennslu og suma í bekk. Sumir vilja vera bara í sérkennslu og líðanin er betri í sérkennslunni, kemur einnig fram. Erlendu nemendunum líður mjög vel í námsverinu, að mati hópsins.

Viðhorf kennara er að senda nemendur í námsver ef eitthvað kemur upp á, viðmælandi tengir þetta því að bekkir eru stórir og stofur litlar og „þá finnst þeim gott að geta sent nemendur upp í námsver“. Flestir nemendur sem eru sendir upp í námsver eru úr íslensku og stærðfræði, og umhugsunarefni hvers vegna þessar greinar skera sig úr. Kennarar senda ekki nemendur í námsver vegna hegðunarvanda.

Rætt hefur verið um að tengja nýbúa meira út í bekkina, en kennari þeirra er með 4-6 nemendur í íslensku, síðan koma kennararnir með það sem nemendur eru að læra og þá er reynt að finna sambærilegt efni á móðurmálinu. Það er mjög mikilvægt að efla þennan hóp félagslega og leitað leiða til þess.

Sérkennarar í námsveri eru ánægðir og finnst verkefnið „mjög skemmtilegt og áhugavert að fást við, bæði nemendur sem ná ekki hæstu hæðum í námsárangri og líka nýbúarnir“.

Skipulag og úrræði:

Lestrarskimun er lögð fyrir alla nemendur í 9. bekk og er nemendum sem greinast með lestrarvanda fylgt eftir með samstarfi við foreldra, þau fá afnot af hljóðbókum og sérstakar aðstæður við próftöku.

Sérkennarar fara ekki inn í bekk, heldur koma nemendur til þeirra. Mat foreldra og skólans ræður um það hverjir fara í námsver og tekið er tillit til fyrri sérkennslusögu. Mat greinakennara ræður einnig að því er virðist töluverðu um hverjir njóta sérkennslu eða tímabundins stuðnings, einnig kemur fyrir að námsráðgjafi vísar nemendum í námsver.

Í vetur er boðið upp á heimanámstíma eftir skóla og hefur það að einhverju leyti létt álagi af námsveri.

Upplýsingaflæði - samskipti

Fundað er reglulega með foreldrum nemenda í námsveri, umsjónarkennari situr ekki þá fundi, frekar skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, auk þess er fundað ef eitthvað kemur upp á. Mikil samskipti eru við foreldra, aðallega í tölvupósti, vegna fjögurra nemenda sem eru „í svona hálfgerðri atferlismeðferð“.

Ekki eru reglulegir fundir með kennurum vegna nemenda í sérkennslu, „en ég ræði við þá“, segir fulltrúi í rýnihópi. Umsjónakennari er fjær nemendum en greinakennararnir, segir í

rýnihópi, og er það talinn galli á greinabundnu kennslunni, hlutverk umsjónarkennarans verður lítið eða óljóst „það vantar nýja sýn, þetta eru bara einhverjir lífsleiknitímar“.

Hluti nemenda í námsveri fer ekki mikið út í bekki. Samskipti þeirra sem eru mikið í sérkennslu við aðra nemendur eru breytileg „núna er það mjög gott en í fyrra var það mjög slæmt“.

Ráðgjöf - Þjónustumiðstöð

Námsráðgjafi skólans veitir nemendum ráðgjöf vegna náms en einnig koma til hennar einstaka nemendur vegna líðanar. Starfsmenn koma einnig til hennar og „ræða málin“. Hún kennir nemendum námstækni, aðstoðar við val í 9. bekk, heldur utan um nemendur í fjarnámsáföngum, námskynningar o.fl.

Í rýnihópi kennara kemur fram að þeir leiti fremur eftir ráðgjöf innan skólans en utan. Faggreinakennarar leita eftir upplýsingum frá umsjónarkennara vegna nemenda.

Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki starfandi við skólann.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Bjarkarhlíð

Sérdeild fyrir nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur með félags- og tilfinningalegan vanda er rekin í tengslum við Réttarholtsskóla í húsi sem upphaflega var byggt sem sumarhús í skógarreitnum við hlið Bústaðakirkju við Bústaðaveg. Kennarar eru þrír, tveir í 100% starfi og deildarstjóri með stjórnunarhlutfall 75% og kennslu 25%. Í deildinni eru 7 nemendur, ein stúlka og sex drengir. Nemendur sækja tíma í sérgreinum í húsnæði skólans, heimilisfræði, trésmíði og íþróttir en blandast ekki öðrum hópum í skólanum. Nemendur hafa lítil tengsl við heimaskóla sína en sumir sækja þó félagsmiðstöðvar í sínu hverfi. Sex af sjö nemendum deildarinnar eru í *Atvinnutengdu námi*. Í Bjarkarhlíð er fylgt skóladagatali Réttarholtsskóla og eru hefðbundnir foreldradagar þeir sömu, einnig starfsdagur og prófadagur. Nemendum stendur til boða að taka þátt í skemmtunum, ferðum og fræðslu eins og öðrum nemendum Réttarholtsskóla. Ekki hefur alltaf gengið vel að fá nemendur til að sækja tíma í skólanum né samlagast nemendum þar. Nemendur eru yfirleitt eitt skólaár í deildinni en færst hefur í aukana að þeir séu tvö ár, sérstaklega ef þau koma inn í 9. bekk (sjá fylgiskjal, vettvangsathugun í Bjarkarhlíð).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Enginn deildarstjóri sérkennslu er við skólann.
- Sérkennsla/stuðningskennsla fer fram utan bekkjar í námsveri.
- Viðmið um hverjir njóta þjónustu í námsveri eru ekki skýr.
- Vantar markvissara samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum.
- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki starfandi við skólann.
- Bjarkarhlíð, sérdeild fyrir nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur með félags- og tilfinningalegan vanda er rekin í tengslum við Réttarholtsskóla.

Skólaþróun og mat

Sjálfsmatsskýrsla 2008 liggur fyrir. Viðmið í matinu er stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum og stefnumið Réttarholtsskóla um almenna umgjörð starfsins og um nám og kennslu. Settar eru fram 6 matsspurningar:

- 1) Er stjórnun skólans skýr og skilvirk?
- 2) Er námsárangur í samræmi við það sem vænta má?
- 3) Finna nemendur fyrir vellíðan og öryggi í skólanum?
- 4) eru kennsluaðferðir og mat á námi til þess fallin til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?
- 5) Ríkir góður starfsandi innan skólans?
- 6) Er skólinn í góðum tengslum við grenndarsamfélagið og aðila sem hann á í samstarfi við?

Til að svara þessum spurningum voru notuð gögn frá utanaðkomandi aðilum, Fræðslumiðstöð, Menntasviði og Námsmatsstofnun en einnig aflaði skólinn sjálfur gagna með spurningalistum sem lagðir voru fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk.

Helstu niðurstöður sjálfsmatsins eru að skólastarf í Réttarholtsskóla sé farsælt og árangursríkt. Í samantekt eru dregnir fram þættir sem ástæða virðist að athuga frekar eða ráða sérstaka bót á.

Stjórnun: Mat foreldra og starfsmanna á stjórnun er jákvætt en lækkar þó milli ára 2004 og 2006. Skólinn hyggst kalla saman rýnihóp foreldra til að varpa skýrara ljósi á það mál. Leitað verður leiða til að bæta upplýsingaflæði.

Vellíðan nemenda: Áfram verður unnið eftir Olweusaráætlun og reglulega fylgst með líðan nemenda.

Kennsluaðferðir og mat á námi: *Skólapúls* verður notaður til að meta nám og kennsluaðferðir.

Vinnuálag: Starfsfólk telur sig vera undir miklu vinnuálagi. Þessi þáttur þarfnast nánari skoðunar.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2008-2009 liggur ekki fyrir og því verður ekki séð hvernig skólinn hyggst bregðast við niðurstöðum sjálfsmatsins. Í umbótaáætlun síðasta skólaárs voru tilgreind sex markmið og sjö verkefni sem unnið var að haustið 2007 og vorið 2008 og öll snerta umbætur í námi og kennslu. Ekki liggur fyrir að hve miklu leyti þau umbótaverkefni hafa gengið eftir eða skilað árangri.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að í skólanum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla 2008 liggur fyrir þar sem greind er staða skólans skv. utanaðkomandi mati og spurningalistum sem skólinn hefur lagt fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.
- Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2008-2009 liggur ekki fyrir og því verður ekki séð hvernig skólinn hyggst bregðast við niðurstöðum sjálfsmatsins.

Virk upplýsingamiðlun

Heimasíða

Heimasíða Réttarholtsskóla er mjög skýr, einföld og aðgengileg en upplýsingar á síðunni mættu vera ítarlegri. Fréttir eru uppfærðar reglulega. Engar upplýsingar eru um nýbúa og engin erlend tungumál á síðunni. Æskilegt er að hafa krækju sem heitir skólanámskrá með undirflokk sem gæti innihaldið handbók og fleira sem fellur undir þann lið (sjá fylgiskjal, gátlisti um heimasíðu).

Að mati foreldra í rýnihópi þarf að uppfæra og endurbæta heimasíðuna og taka út gamlar og úreltar upplýsingar.

Foreldrafélagið er með sérstaka heimasíðu og einnig eru upplýsingar um fulltrúa í skólaráði og fundi ráðsins.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða Réttarholtsskóla er skýr, einföld og aðgengileg en upplýsingar á síðunni mættu vera ítarlegri.
- Fréttir eru færðar inn reglulega.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Sjálfsmatskýrsla skólans er birt á síðunni en ekki umbótaáætlun.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Stefna og sérstaða skólans sem unglingskóla kemur skýrt fram bæði á heimasíðu skólans og í Handbók Réttarholtsskóla. Ekki er gefin út skólanámskrá sem sérstakt rit, en flestir þættir sem samkvæmt aðalnámskrá og stefnumótun borgarinnar skulu birtast í skólanámskránni koma fram í handbókinni sem gefin er út árlega, í sérstökum skjölum, s.s. jafnréttis- og mannréttindaáætlun og í kennsluáætlunum fyrir greinar eftir árgöngum. Í handbók er kafli um skólareglur og viðbrögð við agabrotum og óæskilegri hegðun. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans. Í kennsluáætlunum eru birt markmið einstakra námsgreina eftir árgöngum, upplýsingar um kennslufyrirkomulag, viðfangsefni, bækur og gögn og námsmat.

Foreldrar telja sig þekkja vel stefnu skólans og skólanámskrá og hafa aðgang að henni.

Nokkra þætti vantar í upplýsingar Réttarholtsskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Þættir sem ekki koma fram eru:

- skipurit skólans
- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- móttökuáætlun fyrir innflytjendur
- verklagsreglur um umgengi
- verklagsreglur um slysavarnir
- tengsl við félag, stofnanir og fyrirtæki, tengsl við atvinnulífið

(sjá nánar fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Kennsluáætlanir fyrir árganga og greinar

Í námskrám og kennsluáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem kemur fram hver eru markmiðin sem unnið er að, stundafjöldi á viku, kennslugögn, kennslufyrirkomulag, viðfangsefni eftir tímabilum og námsmat fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang í 8.-10. bekk. Kennsluáætlanir eru ýmist gerðar fyrir önnina eða skólaárið og þeim er skipt upp í tímabil, viku eða mánuð í senn. Kennsluáætlanir fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stefna skólans í námi og kenningu kemur skýrt fram í gögnum.
- Nokkra þætti vantar í upplýsingar Réttarholtsskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram
 - skipurit skólans
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - móttökuáætlun fyrir innflytjendur
 - verklagsreglur um umgengi
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við félag, stofnanir og fyrirtæki, tengsl við atvinnulífið
- Gefnar eru út kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Ánægja foreldra sem svöruðu foreldrakönnun vorið 2008 með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, möguleika á tómstundaiðkun að loknum skóladegi og gæslu á skólalóð, er um og yfir þremur (á skalanum 1-5) og alltaf undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006.

Í opnum svörum voru einnig áberandi kvartanir um meint vont ásigkomulag húsnæðis og lóðar. Má segja að það sé í samræmi við hinar tölulegu upplýsingar könnunarinnar.

Í rýnihópi starfsmanna kom fram að athuga mætti hvort hávaði í eldhúsi væri heilsuspillandi. Rætt var um hvort veikindi starfsmanna væru mikil í skólanum sem hugsanlega mætti rekja til skítugra loftræstistokka og einnig komu fram vangaveltur um skaðleg áhrif örbylgjuloftneta í nágrenni skólans.

Nemendum í rýnihópi finnst skólinn heimilislegur og „kósí“, en nefna snyrtingar sem þeim finnst að þyrfti að bæta.

Áhættumat fór fram í Réttarholtsskóla á vormánuðum 2008. Matið var unnið af öryggistrúnaðarmönnum ásamt skólastjóra. Stuðst var við vinnuumhverfisvísi fyrir skóla sem Vinnueftirlitið hefur tekið saman. Að mati hópsins eru öryggismál og aðbúnaður í skólanum almennt í góðu lagi með nokkrum undantekningum:

- Gólfefni eru víða slitin og hefur heilbrigðiseftirlit ítrekað gert athugasemdir þar að lútandi.
- Í hluta skólahússins er gamalt loftræstikerfi, unnið er að endurbótum á því.
- Loftgæði í kennslustofum hafa verið mæld en niðurstöður liggja ekki fyrir.

- Grunur er um að ljósmagn á vinnustöðvum geti verið minna en æskilegt er.
- Í skrifstofu deildarstóra tölvumála gætir hávaða frá kælipressu í eldhúsi.
- Aðkoma bifreiða að skólahúsinu veldur slysaþættu.
- Snyrtingar starfsmanna og nemenda eru „gamaldags“ og næði lítið.
- Fimleikarimlar í íþróttasal eru lélegir.
- Malbik á skólalóð er illa farið.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja foreldra í Réttarholtsskóla með húsnæði og lóð skólans er minni en almennt í borginni allri.
- Nemendur eru ánægðir með skólann, finnst hann heimilislegur og vel tækjum búinn.
- Athuga þarf ábendingar starfsmanna um hávaða í eldhúsi og skítuga loftræsisstokka.
- Unnið hefur verið áhættumat fyrir Réttarholtsskóla, nokkra öryggisþætti þarf að skoða.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Alls starfa 49 starfsmenn í Réttarholtsskóla vorið 2008. Vinnustaðagreining fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 sýndi að starfsfólk skólans er á heildina lítið mjög ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 4.39 (á styrkleika bili)³ sem er töluvert hærra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja og afstaða gagnvart vinnuveitanda og starfsvettvangi hefur almennt mælst töluvert hærri í skólanum en að meðaltali í Reykjavík og hafa niðurstöður viðhorfsmælinga haldist nokkuð stöðugar síðan árið 2002. Svarhlutfall í greiningunni var 100% árið 2007. Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnun 2008 var töluvert lægra en árið á undan, eða 53%.

Í vinnustaðagreiningunni 2007 mælast tíu af mestu frávikum Réttarholtsskóla frá grunnskólum í heild jákvæðari en almennt í grunnskólum borgarinnar:

- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður (uð) í lok vinnudags sl. þrjú mánuði?
- Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel.
- Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu þegar á heildina lítið?
- Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu með vinnutíma þinn?
- Mínum vinnustað er vel stjórnað.
- Ég fæ þá hjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi.
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt (ur) sl. þrjú mánuði þegar þú hefur staðið andspænis nýjum vinnudegi?
- Ég hef tækifæri til þess í vinnunni að gera það sem ég kann best á hverjum degi.
- Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað/skóla.
- Mér finnst gott jafnvægi á milli vinnu og einkalífs hjá mér.

Í vinnustaðagreiningunni 2007 voru níu af tíu mestu breytingum allar jákvæðar frá mælingunni 2005.

Svör við fullyrðingunni „Mér finnst góður starfsandi ríkja á mínum vinnustað“ mælast aðeins hærri í viðhorfakönnuninni 2008 en almennt á MSR (4,19 í Réttarholtsskóla miðað við 4,10 heildarmeðaltal MSR). Hinsvegar töldu 26,9% starfsmanna sig lagða í einelti á vinnustaðnum í viðhorfakönnuninni vorið 2008 (9% árið 2007).

Í öllum rýnihópum starfsmanna bar þeim saman um að starfsandi á vinnustaðnum væri afar góður og sögðust yngri kennarar hafa valið þennan vinnustað sérstaklega þar sem þeir vissu af því að þar væri góður starfsandi ríkjandi. Rætt var um að kennarar sæktust eftir því að koma til starfa við skólann og að jafnt kynjahlutfall á vinnustaðnum stuðlaði að góðu starfsumhverfi.

³ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Samstarf

Fundir í Réttarholtsskóla fylgja nokkuð reglubundnu mynstri, kennarafundir eru einu sinni í mánuði og starfsmannafundir þegar efni standa til en ekki þó sjaldnar en einu sinni í mánuði. Fagfundir eru með þeim sem kenna sömu greinar en misjafnt er eftir greinum hversu mikið er fundað og hversu mikið samstarf er.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 4,04 sem er nálægt meðaltalsgildi MSR (4,10). Í vinnustaðagreiningunni 2007 mældust fullyrðingar er mæla viðhorf til liðsheildar og samvinnu svipaðar og meðaltal annarra grunnskóla í borginni.

Við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fær skólinn aðeins hærra gildi en grunnskólar almennt (3,76 miðað við heildarmeðaltal 3,61) og fullyrðingar um þverfaglega samvinnu og hversu vel vinnufélagar leggja sig fram við að skila vel unnu starfi fá aðeins lægra gildi en grunnskólar almennt.⁴

Í rýnihópum og viðtölum kemur fram að samstarf kennara snýr mestmegnis að samræmingu kennsluáætlaða og framsetningu þeirra þar sem kennslugreinarnar eru ólíkar. Misjafnt er milli greina hversu mikið samstarf er á milli kennara, í sumum greinum deila kennarar t.d. vinnu við próf en ekki í öðrum. Kennarar segjast njóta mikils traust stjórnenda og hafa frelsi til að útfæra kennsluáðferðir. Stjórnendur eru sagðir fylgjast vel með og vera fljótir að bregðast við þegar þörf er á. Kennarar lýstu góðum stuðningi á vinnustaðnum og sögðu skólann vera sérlega heppinn með námsráðgjafa, hún ynni frábært starf. Aðrir starfsmenn fengu einnig hrós í rýnihópum, gott starfsfólk á göngum var nefndur einn af styrkleikum skólans.

Það kom fram í rýnihópi að starfsfólk í eldhúsi upplifir sig svolítið afskipt en staðsetning í byggingunni veldur því að þeir starfsmenn deila sjaldan kaffitímum með öðru starfsfólki og einnig er mest vinnuálag á starfsfólki í eldhúsinu þegar aðrir starfsmenn eiga kaffihlé. Það kom einnig fram að starfsmenn í eldhúsi töldu að betri tenging mætti vera á milli þeirra og kennara, t.d. þegar um töluverð forföll nemenda er að ræða í matartímum.

Rætt var um fundafyrirkomulag í rýnihópum og kennarar lýstu yfir ánægju með starfsmannafundi, það lægi fyrir dagskrá og þær væru gagnlegir. Öðrum starfsmönnum fannst starfsmannafundirnir eiga lítið erindi við sig þar sem snérust mest um málefni er vörðuðu kennara. Sá háttur væri hinsvegar oft hafður á almenna starfsfólkinu væri gefin kostur á að fara eftir að tekin hafa verið fyrir málefni sem varða alla starfsmenn.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsandi er mjög góður í Réttarholtsskóla og starfsmenn lýsa yfir ánægju með vinnustaðinn og samstarfsfólk.
- Spurningar er mæla viðhorf til álags og streitu í starfi fá betri niðurstöðu meðal starfsmanna Réttarholtsskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar.
- Misjafnt er hversu mikið samstarf er á milli kennara eftir árgöngum.
- Starfsfólk í eldhúsi telur sig svolítið afskipt, m.a. vegna staðsetningar en vildi gjarnan hafa meiri samskipti við stjórnendur og starfsfólk.

⁴ Hversu góð eða slæm er þverfagleg samvinna, þ.e. samvinna milli starfsfólks í ólíkum störfum með ólíka menntun, á þínum vinnustað? fékk gildið 3,43 í Réttarholtsskóla en 3,62 í grunnskólum í heild. Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 3,95 (heildarmeðaltalsgildi 4,13).

Samstarf við foreldra og nemendur

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,44 sem er nálægt meðaltalsgildi grunnskóla (4,32). Í viðhorfakönnun 2008 kemur fram að hlutfallslega telja aðeins fleiri starfsmenn Réttarholtsskóla sig verða fyrir áreitni/einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR (34,6% svarenda í Réttarholtsskóla telja sig hafa orðið fyrir áreitni miðað við meðaltalshlutfallið 30,5%). Hlutfall þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá nemendum/foreldrum á síðustu 12 mánuðum er einnig töluvert hærra í Réttarholtsskóla (11,5%) en meðaltalshlutfall MSR (3,9%).

Þegar samstarf og samskipti við foreldra voru rædd í rýnihópum kom það ekki fram að áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum væri vandi í skólanum. Starfsfólk lýsti almennt góðum samskiptum við foreldra og nemendur. Rætt var um að almennt hefðu foreldrar ekki mikið samband við skólann nema út af einhverju sérstöku. Foreldrar kæmu ekki mikið í skólann en mæting á námsefniskynningar væri þokkalega góð, foreldrar 8. bekkinga mættu best. Mæting væri ágæt á félagslega viðburði foreldrafélagsins, námskeið sem foreldrafélagið hefði staðið að fyrir foreldra og nemendur hefði t.d. tekist vel. Í viðtali við stjórnendur töldu þeir að foreldrar hefðu greiðan aðgang að þeim og þeir gættu þess að hringja í foreldra sem leggðu inn skilaboð.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Aðeins hærra hlutfall starfsmanna í Réttarholtsskóla svaraði því í könnun vorið 2008 að þeir yrðu fyrir áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR.
- Kennarar lýsa góðu samstarfi og samskiptum við foreldra og nemendur.

Aðbúnaður:

Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf“ með gildið 4,08 sem er töluvert hærra en heildarmeðaltal MSR (3,74).

Í rýnihópum komu ekki fram miklar athugasemdir varðandi aðbúnað. Það var þó nefnt að það mætti fara að laga gömlu álmuna og einnig að lóðin væri slæm og bjóði ekki upp á útiveru nemenda. Kennarar telja sig almennt hafa tæki og gögn sem þeir þurfa til kennslu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ekki eru miklar athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum, kennarar segja þeir hafi það sem þeir þarfnist til kennslu.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2008. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁵ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 44 kennslustundir á önninni⁶, undir fjarveru falla

⁵ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁶ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 8 kennsludaga á vorönn 2008.

Ekki bárust upplýsingar um viðveru annarra starfsmanna.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun Réttarholtsskóla fyrir skólaárið 2008-2009 samanstendur af námskeiðum og fyrirlestrum sem sótt eru af fleiri eða færri starfsmönnum í hópnum. Þessi námskeið varða t.d. notkun Mentors, safnfræðslu, jafnréttisfræðslu og viðtalstækni. Einnig verða, eftir því sem fram kemur í áætluninni, umræðufundir á haust- og vorönn í tengslum við Olweusar-áætlunina og starfræktur verður leshringur um þróun námsmats. Íslenskukennarar við skólann eru einnig að þróa kennsluhætti með innleiðingu á lotunámi í 8. bekk. Sjö af kennurum skólans stunda framhaldsnám í menntunarfræðum og tveir eru enn í grunnnámi. Í símenntunaráætlun skólans kemur fram að stefnt sé að því að sérhver starfsmaður sækji a.m.k. þrjá fræðslufundi utan skólans á hverju skólaári.

Þær fullyrðingar í vinnustaðgreiningunni 2007 sem greina viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mælast með nokkuð hærra gildi í Réttarholtsskóla en í grunnskólum almennt.

Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 3,87 (3,76 í grunnskólum almennt). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 4,08 (3,58 í öllum grunnskólum). Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 fær skólinn gildið 4,12 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ (4,02 var heildar meðaltalsgildið fyrir MSR). Í báðum könnunum 2007 og 2008 mælast viðhorf til þess hversu vel þjálfun og fræðsla hefur nýst í starfi nokkuð hærra en heildar meðaltal grunnskóla/MSR.

Þegar símenntun var rædd í rýnihópi kennara og starfsmanna kom fram að starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið. Kennarar sögðu að mikið framboð væri á símenntun og þeir fengju upplýsingar frá stjórnendum varðandi námskeiðstilboð. Það kom einnig fram að leyfi til að stunda símenntun væru auðsótt.

Starfsþróunarsamtöl

Í viðhorfakönnun 2008 svöruðu 80,8% þeirra sem svöruðu að þeir hefðu farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum (76% svöruðu þessari spurningu játandi í vinnustaðgreiningu vorið 2007).

Í rýnihópum voru starfsmannasamtöl sögð nýtast til góða.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Viðhorf til símenntunar og starfsþróunar mælast jákvæðari í Réttarholtsskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar skv. könnunum.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til símenntunar og leyfi eru góðfúslega veitt þegar starfsmenn þurfa að stunda símenntun á vinnutíma.

- Vinna þarf að því að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtöl árlega.
- Símenntunaráætlun Réttarholtsskóla fyrir skólaárið 2008-2009 liggur fyrir.

Stjórnun og skipulag

Skólastjóri og aðstoðarskólustjóri mynda stjórnendateymið við skólann, þeir hafa með sér náið samstarf og samráð og setja hvor annan inn í mál sem upp koma. Skrifstofur þeirra eru samliggjandi. Auk þeirra er deildarstjóri upplýsingamenntar og tæknimála í 75% starfi. Fagstjórar eru í hverri grein alls átta með verkgreinum og lífsleikni. Þeir stýra prófahaldi, kennsluáætlunum og samræmingu innan greinarinnar.

Verkaskipting skólustjóra og aðstoðarskólustjóra hefur ekki verið sett á blað, en er nokkuð skýr samt sem áður, skólustjóri sér m.a. um fjármál og ráðningar, nemendaverndarráð og skólaráð en aðstoðarskólustjóri um samskipti við foreldrafélagið, stundatöflur og agamál. Skólustjóri kemur að agamálum sem ekki leysast á fyrri stigum. Námsráðgjafi er einnig inni í mörgum málum og vinnur með skólustjórum þegar við á.

Stjórnendur eru að eigin mati aðgengilegir, skrifstofur opnar og starfsmenn og nemendur eða foreldrar geta komið þegar hentar, ef þeir þurfa að ná tali af þeim. Í flestum tilvikum er reynt að taka á málum strax og leysa þau en ekki geyma. Málin eru sett í farveg ef frekari úrvinnsla er þörf og fara í skilvirkt ferli. Í nemendamálum er meginreglan að hafa alltaf samband við foreldra strax, leysa málið og loka því.

Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,3 og hefur hækkað úr 4,2 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 og ánægja foreldra í Réttarholtsskóla með stjórnunina því nokkuð yfir meðaltali.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ töluvert hærra gildi í Réttarholtsskóla en almennt á MSR (4,27 miðað við 3,73 sem er heildarmeðaltalsgildi). Traust til næsta yfirmanns mælist einnig töluvert hærra (gildið 4,64 miðað við heildarmeðaltalsgildið 4,22) og á svipaðan hátt mælist gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann hærri (4,62 miðað við heildarmeðaltalið 4,18). Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 4,24 í vinnustaðgreiningunni 2007 sem er einnig nokkuð hærra en í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla).

Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu fá töluvert hærra gildi en heildarmeðaltal MSR í viðhorfakönnuninni 2008. Fullyrðingin „Ég fæ iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni mínum“ fékk gildið 4,00 (3,58 heildarmeðaltal MSR) og „Mér er hrósað af mínum næsta yfirmanni þegar ég stend mig vel“ fékk gildið 4,12 (3,69 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ er á styrkleikabili, fær gildið 4,31 (3,88 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ fær gildið 3,81 sem er nokkuð hærra en heildarmeðaltal MSR (3,50).

Í rýnihópum kom fram að starfsfólk var almennt mjög ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur „þeir bestu sem ég hef haft“, kemur fram í rýnihópi. Fram kom að mjög gott aðgengi væri að stjórnendum, þeir væru sýnilegir í skólastarfinu og fylgdust með því sem gerist hjá kennurum og í kennslunni. Þeir sýna kennurum traust og veita þeim sjálfstæði.

Mikið samráð er haft um ákvarðanir, segja kennarar. Helst er það samskiptin við „fólkið niðri“ sem mætti bæta. Starfsmennirnir sögðu stjórnendur vera duglega að hrósa, hefðu velferð nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sýndu starfsmönnum mikið traust og góðan stuðning. Í báðum rýnihópum kennara og annarra starfsmanna var stjórnun skólans nefnd sem einn af helstu styrkleikum hans.

Að mati kennara eru stjórnendur í góðum tengslum við nemendur, hlusta á raddir þeirra og bregðast við. Foreldrar eru einnig mjög ánægðir með stjórnendur, „skólastjórinn er leiðtogi“, og í rýnihópi foreldra kemur fram að þeim finnst alltaf tekið vel í málaleitanir. Foreldrar benda þó á að ekki eru alltaf gefnar upplýsingar frá skólanum um mál sem upp koma og nefna dæmi.

Stefna og áherslur Réttarholtsskóla eru aðgengilegar og settar skýrt fram. Stefnumótun skólans birtist bæði á heimasíðu og í handbók skólans.

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 3,85 sem er hærra en meðaltalsgildi allra grunnskóla við þessari spurningu (3,76). Starfsmenn Réttarholtsskóla telja framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamálum álíka skýra og starfsmenn í grunnskólum borgarinnar í heild (fullyrðing þess efnis fékk gildið 3,11 í Réttarholtsskóla sem er aðeins lægra en meðaltalsgildið sem var 3,18 í öllum grunnskólum).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð.
- Viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun skólans mælist töluvert hærrí í vinnustaðagreiningum undanfarin ár en almennt í skólum borgarinnar.
- Starfsfólk er mjög ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur.
- Stjórnendur eru sýnilegir í skólastarfinu.
- Gagnkvæmt traust ríkir á milli stjórnenda og starfsmanna.
- Skipulag og upplýsingaflæði innan skólans er í góðum farvegi.
- Stefna og áherslur Réttarholtsskóla eru aðgengilegar og settar skýrt fram.
- Stefnumótun skólans birtist bæði á heimasíðu og í handbók skólans.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2008 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Réttarholtsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2008 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Réttarholtsskóla fyrir árið 2007 voru að upphæð 290,062 þús. kr. Þar með er talin úthlutun til lausafjárkaupa, sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 287,426 þús. kr.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Ánægja er almenn með stjórnun skólans hjá bæði starfsmönnum og foreldrum. Nemendum líður vel í skólanum og námsárangur hefur verið góður. Góður starfsandi er meðal starfsmanna.

Veikleikar: Ákveðnir þættir sérkennslu þarfnast skoðunar, enginn stjórnandi er í sérkennslu og viðmið um val á nemendum óljós. Vísbendingar eru um einelti sem viðgengst bæði meðal starfsmanna og nemenda. Húsnæði er að hluta komið í þörf fyrir viðhald.

Ögranir: Efla árangur nemenda enn frekar og bæta framfarastuðul.

Tækifæri: Endurskoðun námshópa þar sem betur er komið á móts við þá sem standa lakast og hópinn sem ætti að geta náð enn betri árangri.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Nám og kennsla

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Vorið 2008 er árangur nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk undir bæði landsmeðaltali og meðaltali grunnskóla Reykjavíkur í öllum greinum nema náttúrufræði þar sem þeir eru 6.2 stigum yfir. Þetta er breyting frá árunum á undan en þá var skólinn yfir meðaltali í öllum greinum.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Réttarholtsskóli er meðal þeirra 10 skóla í Reykjavík sem sýna bestan árangur nemenda náttúrufræði og lesskilningi og meðal 5 bestu í stærðfræði.
- Kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtar á heimasíðu skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir en eru hvattir til að setja sér markmið.
- Í 9. og 10. bekk skiptast nemendur í íslensku og stærðfræði í námshópa eftir getu. Ekki kemur fram í kennsluáætlunum sem skoðaðar voru í hverju aðlögun er fólgin heldur er aðeins birt ein áætlun fyrir árganginn.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar og eru alls 25 námskeið kennd á skólaárinu 2008-2009, þar af er tæpur helmingur á sviði list- og verkgreina.

Nemendur og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- 97% nemenda í 9. og 10. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2008 sem er yfir meðaltali í borginni (93%).
- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti og er lögð áhersla á að einelti er ekki liðið í skólanum.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína.
- Skemmtilegast finnst nemendum í íþróttum.
- Vel virðist vera staðið að vali í nemendaráð.

- Fulltrúar í nemendaráði eru ánægðir með félagslífið í skólanum og segja að þátttaka sé almennt góð og viðburðir vel sóttir.
- Skólastjóri fylgist með störfum nemendaráðs og gott samband er á milli ráðsins og stjórnenda.
- Fundir og dagskrá mættu fylgja fastara skipulagi líkt og áætlað er vorönn 2009.
- Nemendur þekkja almennt skólareglur og virða þær.
- Oftast er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Brugðist er við óæskilegri hegðun og reynt að leysa mál strax.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka nemendur og bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í könnun vorið 2008 segjast tæp 83% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast rúm 37% vera mjög ánægð sem er hærra en í grunnskólum borgarinnar að meðaltali.
- Í spurningu um stjórnun skólans segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð.
- Reglulegir fundir hafa verið með skólastjórnendum og foreldraráði/nú skólaráði.
- Foreldrafélag er með sérstaka heimasíðu og upplýsingar um skólaráð og fundargerðir þess eru á heimasíðu skólans.
- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og finnst gott að leita til þeirra
- Í könnun vorið 2008 er ánægja foreldra með umsjónarkennara mikil, en upplýsingaflæði frá umsjónarkennara er undir meðaltali í borginni.
- Mentor-kerfið er ekki nógu virkt eða mikið notað.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5.
- Náms hópar í 9.-10. bekk er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi hvers og eins.
- Skoða þarf hvort náms hópar nýtist til að koma til móts við nemendur sem skera sig úr með mikla eða litla námsgetu.
- Í kennsluáætlunum kemur fram áhersla á fjölbreyttar leiðir í námi.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur einstaklingslega að ólíkum verkefnum.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt en eru hvattir til að setja sér markmið.
- Fjallað er um námsmat í handbók og á heimasíðu skólans undir tenglinum nám og kennsla.
- Enginn deildarstjóri sérkennslu er við skólann.
- Sérkennsla/stuðningskennsla fer fram utan bekkjar í námsveri.

- Viðmið um hverjir njóta þjónustu í námsveri eru ekki skýr.
- Vantar markvissara samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum.
- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki starfandi við skólann.
- Bjarkarhlíð, sérdeild fyrir nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur með félags- og tilfinningalegan vanda er rekin í tengslum við Réttarholtsskóla.

Skólaþróun og mat

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla 2008 liggur fyrir þar sem greind er staða skólans skv. utanaðkomandi mati og spurningalistum sem skólinn hefur lagt fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.
- Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2008-2009 liggur ekki fyrir og því verður ekki séð hvernig skólinn hyggst bregðast við niðurstöðum sjálfsmatsins.

Virk upplýsingamiðlun

- Heimasíða Réttarholtsskóla er skýr, einföld og aðgengileg en upplýsingar á síðunni mættu vera ítarlegri.
- Fréttir eru færðar inn reglulega.
- Ekki fundust upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa né upplýsingar á öðrum tungumálum.
- Sjálfsmatsskýrsla skólans er birt á síðunni en ekki umbótaáætlun.
- Stefna skólans í námi og kennslu kemur skýrt fram í gögnum.
- Nokkra þætti vantar í upplýsingar Réttarholtsskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram
 - skipurit skólans
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - móttökuáætlun fyrir innflytjendur
 - verklagsreglur um umgengi
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við félög, stofnanir og fyrirtæki, tengsl við atvinnulífið
- Gefnar eru út kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja foreldra í Réttarholtsskóla með húsnæði og lóð skólans er minni en almennt í borginni allri.
- Nemendur eru ánægðir með skólann, finnst hann heimilislegur og vel tækjum búinn.
- Athuga þarf ábendingar starfsmanna um hávaða í eldhúsi og skítuga loftræsistokka.
- Unnið hefur verið áhættumat fyrir Réttarholtsskóla, nokkra öryggisþætti þarf að skoða.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsandi er mjög góður í Réttarholtsskóla og starfsmenn lýsa yfir ánægju með vinnustaðinn og samstarfsfólk.
- Spurningar er mæla viðhorf til álags og streitu í starfi fá betri niðurstöðu meðal starfsmanna Réttarholtsskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar.
- Misjafnt er hversu mikið samstarf er á milli kennara eftir árgögnum.

- Starfsfólk í eldhúsi telur sig svolítið afskipt, m.a. vegna staðsetningar en vildi gjarnan hafa meiri samskipti við stjórnendur og starfsfólk.
- Aðeins hærra hlutfall starfsmanna í Réttarholtsskóla svaraði því í könnun vorið 2008 að þeir yrðu fyrir áreitni og einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR.
- Kennarar lýsa góðu samstarfi og samskiptum við foreldra og nemendur.
- Ekki eru miklar athugasemdir varðandi aðbúnað í skólanum, kennarar segja þeir hafi það sem þeir þarfnist til kennslu.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.
- Viðhorf til símenntunar og starfsþróunar mælast jákvæðari í Réttarholtsskóla en almennt í grunnskólum borgarinnar skv. könnunum.
- Stjórnendur hvetja starfsmenn til símenntunar og leyfi eru góðfúslega veitt þegar starfsmenn þurfa að stunda símenntun á vinnutíma.
- Vinna þarf að því að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtöl árlega.
- Símenntunaráætlun Réttarholtsskóla fyrir skólaárið 2008-2009 liggur fyrir.

Stjórnun og skipulag

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast rúm 92% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 40% vera mjög ánægð.
- Viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun skólans mælist töluvert hærrí í vinnustaðagreiningum undanfarin ár en almennt í skólum borgarinnar.
- Starfsfólk er mjög ánægt með samstarf og samskipti við stjórnendur.
- Stjórnendur eru sýnilegir í skólastarfinu.
- Gagnkvæmt traust ríkir á milli stjórnenda og starfsmanna.
- Skipulag og upplýsingaflæði innan skólans er í góðum farvegi.
- Stefna og áherslur Réttarholtsskóla eru aðgengilegar og settar skýrt fram.
- Stefnumótun skólans birtist bæði á heimasíðu og í handbók skólans.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér nokkuð skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fréttabréf Réttarholtsskóla. okt. 2008

Hagir og líðan barna í Reykjavík 2008. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Handbók Réttarholtsskóla 2008-2009. Reykjavík: Réttarholtsskóli.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skóðað 25. nóvember 2008.

Skýrsla um sjálfsmat Réttarholtsskóla. 2008. Reykjavík: Réttarholtsskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008. Réttarholtsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Réttarholtsskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Réttarholtsskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.rettarholtsskoli.is

Fylgiskjöl

1. Réttarholtsskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Vettvangsathuganir
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um heimasíðu
6. Gátlisti um skólareglur